

*Dorgeir Baldursson, varaformaður SA
Umhverfisþing 18. nóvember 2005*

Hagnaður knýr sjálfbæra þróun

Umhverfisráðherra, þingforsetar, góðir þinggestir.

Í upphafi vil ég þakka fyrir þetta tækifæri til að ávarpa umhverfisþingið sem að þessu sinni fjallar um sjálfbæra þróun.

Hugtakið *sjálfbær þróun* var fyrst mótað á níunda áratug síðustu aldar í störfum Alþjóðanefndar um umhverfi og þróun en í skýrslu nefndarinnar stendur m.a. í lauslegri þýðingu: „*Sjálfbær þróun leitast við að mæta þörfum og væntingum samtímans án þess að fórnar möguleikum komandi kynslóða til þess sama. Hún merkir alls ekki lok hagvaxtar heldur að ekki verði ráðist að fátækt og vanþróun án þess að til komi nýtt skeið vaxtar þar sem þróunarríkin leika stórt hlutverk og bera mikið úr bytum.*” Það er mjög algengt að í almennri umfjöllun sé aðeins minnst á fyrri setninguna en þeirri seinni sem fjallar um hagvöxtinn sé sleppt. En sjálfbær þróun er þannig alþjóðleg í sjálfri sér og engin ein þjóð eða eitt ríki getur uppfyllt skilyrði hennar án tengsla við umheiminn. Sjálfbær þróun er einnig þverfagleg og krefst þess að horft sé á mál af víðum sjónarhóli og horft til ríkjandi ástands og fram á veginn. Það er ekki nóg að horfa bara með gleraugum umhverfisráðuneytisins, einstakra stofnana eða umhverfissamtaka heldur verður að líta til mála heildstætt og til margra sjónarmiða. Sjálfbær þróun felur þannig í sér viðleitni mannsins til að skapa sér og sínum betri afkomu og tekur mið af því að náttúran er í eðli sínu síbreytileg og að mannlífið setur mark sitt á hana og ekkert getur orðið eins og áður var.

Hagnaður undirstaðan

Hagnaður í atvinnulífinu er undirstaða alls hagvaxtar og allrar sjálfbærrar þróunar. Án hagnaðar greiða fyrirtæki ekki skatta, þau hækka ekki laun starfsmanna sinna og bæta ekki umhverfi sitt. Það er því lykilatriði og á ekkert frekar við hér á landi en annars staðar að stjórnvöld skapi atvinnustarfseminni sem bestan efnahagslegan ramma þar sem atvinnufrelsi, einkaeign og samkeppni ríkir á sem flestum sviðum. Eitt mikilvægasta framlag Íslendinga til þróunarríkjanna er að halda sjónarmiðum sem þessum á lofti og styðja við tillögur um frelsi í alþjóðaviðskiptum þar sem tryggt er að þróunarríkin geti keypt og selt vörur án þess að lagðar séu á viðskiptahindranir til að viðhalda úreltum framleiðsluháttum í þeim ríkjum sem betur eru stað.

Einlit umræða

Umfjöllun um sjálfbæra þróun á Vesturlöndum hefur gjarnan byggst á einhliða sjónarmiðum tiltekins hóps fólks, sem setur samasemmerki á milli efnahagslegra framfara og röskunar og telja oft að því fylgi mengun og röskun náttúruverðmæta. Tækni og framfarir í hraða nútímans séu af hinu illa. Þessi skilningur á hugtakinu er alrangur því

ekkert er líkleggra til að leysa þróunarríkin úr ánauð og íbúana úr örbirgð en einmitt markaðsbúskapur, tækniþróun og sjálfbær hagnýting náttúrunnar.

Góðir áheyrendur.

Hér á landi hefur umgengni atvinnulífsins við náttúru landsins, umhverfi og auðlindir tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum, bæði að frumkvæði fyrirtækjanna sjálfra og í tengslum við almennar viðhorfsbreytingar, alþjóðlegar reglur og skuldbindingar og í samstarfi við stjórnvöld. Sjálfsagt er afstaða útgerðarmanna til fiskveiðiauðlindarinnar hér á landi eitt besta dæmið sem unnt er að finna um framsýni og ábyrgð atvinnulífsins. Fiskistofnarnir eru gríðarlega verðmætir og hafa verið verndaðir og byggðir upp af útvegsmönnum sem umgangast þá sem sína eign. Einungis þannig er unnt að reka útgerð og fiskvinnslu með hagnaði – enda séu almenn rekstrarskilyrði í jafnvægi - sem þá skilar líka sínu til sjálfbærrar þróunar.

Frumkvæði fyrirtækjanna

Verulega hefur dregið úr mengun frá fyrirtækjum hvort sem litið er til fiskimjòlsverksmiðja, einstakra stóriðjufyrirtækja, eða almennra iðnfyrirtækja. Meðhöndlun úrgangs og frárennslis hefur tekið miklum breytingum og endurnotkun og endurnýting er nú stór þáttur í starfsemi margra fyrirtækja. Á síðustu árum hefur atvinnulífið byggt upp öflugan sjóð, Úrvinnslusjóð, sem stendur fyrir söfnun, endurnýtingu og förgun á ýmsum úrgangi sem áður fór óflokkaður inn á sorphauga sveitarfélaga. Hér er um að ræða hjólbarða, bílhræ, heyrúlluplast og spilliefni en auk þess eru nú að bætast við umbúðir ýmis konar.

Aðstæður fólks á vinnustöðum hafa víða tekið algerum stakkaskiptum hvort sem litið er til vinnuaðferða, mengunar og hávaða í vinnunni, öryggis, almenns aðbúnaðar eða félagslegra aðstæðna.

Fjöl mörg fyrirtæki hafa byggt upp öflugt innra eftirlitskerfi bæði til að fylgjast með gæðum framleiðslu sinnar og þjónustu og eins til að fylgjast með umhverfisþáttum bæði ytri og innri. Hjá Prentsmiðjunni Odda hf. höfum við til dæmis unnið að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt breskum staðli nr BS 8555, sem er þrepakerfi í átt að ISO 14001 vottun. Þetta kusum við að gera þrátt fyrir að Umhverfisstofnun styðji fyrst og fremst umhverfismerkið hvíta svaninn, sem er eingöngu gjaldgengt á Norðurlöndum og ekki viðurkennt í þeim löndum, sem Oddi er helst að framleiða fyrir, utan Íslands. Úrgangur er allur flokkaður og úrgangspappír sendur í endurvinnslu erlendis. Óflokkaður úrgangur er innan við 5% af heild, sem er innan við þau mörk, sem sett eru til að eiga möguleika á umhverfismerkinu hvíta svaninum. Þá hefur einnig verið dregið úr notkun eiturefna og hættulegra efna um 90% með því að fara yfir í umhverfisvænni efni. Þess má geta að Prentsmiðjan Oddi hf fékk umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 1997 en það var í fyrsta skipti sem hún var veitt. Jafnframt fékk fyrirtækið umhverfisviðurkenningu Umhverfisráðuneytisins á þessu ári. Okkar starf hefur allt verið unnið með það að markmiði að vernda og bæta umhverfið en jafnframt að nýta sem best orku og hráefni en í því geta jafnframt legið mikil verðmæti. Utanaðkomandi þrýstingur eða kvaðir hafa ekki orðið þess valdandi að við höfum lagt svo mikið upp úr þessu starfi.

Þessar breytingar hafa orðið að frumkvæði fyrirtækjanna og atvinnugreinanna sjálfra vegna þess að þau hafa áhuga á því að bæta umhverfi sitt, bæta nýtingu þeirra aðfanga sem notuð eru og þau njóta með því aukins efnalegs ávinnings. Þessi þróun á ekki uppsprettu sína í opinberum reglugerðum eða stofnunum en þær fylgja hins vegar þróuninni eftir og tryggja að ákveðnar lágmarkskröfur séu uppfylltar.

Með góðum almennum efnahagsskilyrðum, stöðugleika, hóflegum sköttum, einföldum og gegnsægjum reglum, og með því að beita markaðslausnum eins víða og unnt er, geta stjórnvöld lagt sitt af mörkum til þess að fyrirtækin skili hagnaði. Þannig mun nást að auka félagslega velferð í landinu, efla mennta- og heilbrigðiskerfið og gæta nauðsynlegra umhverfissjónarmiða. Þannig tryggjum við að íslenskt samfélag þróist á sjálfbæran hátt.

Alþjóðleg málefni

Sjálfbær þróun og um leið umhverfismál í víðum skilningi er í eðli sínu alþjóðleg. Ísland er aðili að fjölmörgum samningum sem er til dæmis ætlað að draga úr mengun þrávirkra lífrænna efna, þungmálma og fleiri efna. Ísland hefur haft frumkvæði að efla alþjóðlegar varnir gegn mengun hafsins og hefur íslenskt atvinnulíf stutt við þá viðleitni. Ísland er auk þess aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og hefur skrifað undir Kyoto bókunina við þann samning þar sem tilteknum þjóðum er ætlað að leggja hömlur á losun gróðurhúsalofttegunda hjá sér. Við búum við það hér á landi að hafa til ráðstöfunar gnægð orkulinda sem nýta má á skynsamlegan hátt. Þessar orkulindir hafa verið nýttar til uppbyggingar á stóriðju hér á landi. Álver sem nýtir kol sem orkugjafa við framleiðslu sína losar 7 til 8 sinnum meira af gróðurhúsalofttegundum en álver sem byggir á vatnsorku eða jarðhita. Það liggja því engin skynsemisrök til þess að takmarka nýtingu þessara orkugjafa með alþjóðlegum samningum. Slíkt leiðir einungis til tjóns fyrir umhverfið.

Úrelt eftirlitskerfi

Góðir áheyrendur

Því hefur áður verið lýst hvernig heilbrigt efnahagskerfi og arðsamur atvinnurekstur er stöðug uppspretta daglegra úrbóta og framfara. Nauðsynlegt er að stjórnkerfið fylgi eftir og nýti á hverjum tíma nýjustu aðferðir og tækni við það eftirlit sem talið er nauðsynlegt að hafa með atvinnulífinu. Algert lykilatriði er að ekki sé í eftirlitskerfið innbyggð mismunun og sjálftaka á þjónustugjöldum. Því miður er það þannig að eftirlitskerfi það sem rekið er á vegum umhverfisráðuneytisins hefur ekki fylgt eftir þróun þjóðfélagsins heldur er enn byggt á hugmyndum frá því um og fyrir miðja síðustu öld. Þá var talið að með eftirliti og forsjá ríkisins mætti tryggja gæði framleiðslu og koma í veg fyrir mengun og aðra óáran sem fylgt getur ef ekki er að gætt. Það er hins vegar algerlega úrelt viðhorf að opinberir starfsmenn sveitarfélaga eða ríkisins geti, betur en fyrirtækin sjálf, fylgst með framleiðslu og hollustuháttum, sérstaklega þegar engin tilraun er gerð til nýta nútímataekni við eftirlitið heldur einungis byggt á heimsóknum og tilviljanakenndu mati á því sem eftirlitsmennirnir kunna að skynja í hverri heimsókn. Þá er það ólíkandi að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi auk þess eftirlit með samkeppnisrekstri sveitarfélaganna sjálfra, hvort sem um er að ræða mötuneyti, samkomustaði, gistiheimili eða líkamsræktarstöðvar. Sveitarfélögin hafa auk þess í mörgum tilfellum nánast

sjálfðæmi um gjalddöku fyrir eftirlit og það er enginn hvati fyrir þau að draga úr eftirliti hjá þeim fyrirtækjum sem standa sig vel, eins og þó er heimilt samkvæmt lögum og reglugerðum. Fyrir vikið hafa fyrirtækin einnig, því miður, minni hvata en æskilegt væri til þess að taka upp virk gæðastjórnunarkerfi.

Smám saman hefur mönnum orðið ljóst að besta aðferðin til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með lögum um matvæli, hollustuhætti og mengunarvarnir og með fleiri lögum er sú að leggja meginábyrgðina á atvinnureksturinn sjálfan. Enda eru fyrirtækin í flestum tilvikum ágætlega í stakk búin til að sinna þessu með öflugum innra eftirliti sem fylgst er með af faggiltum skoðunarstofum sem keppa sín á milli á markaði og undir yfirumsjón öflugrar stjórnarsýslustofnunar þar sem mótaðar eru skýrar og gagnsæjar kröfur sem fyrirtækjum er gert að fara eftir. Viðskiptavinurinn er svo í mörgum tilvikum besti eftirlitsmaðurinn.

Skorað á umhverfisráðherra

Í atvinnulífinu ríkir gríðarleg óánægja með eftirlitskerfið og binda menn miklar vonir við það átak sem forsætisráðherra hefur boðað undir yfyrskriftinni „einfaldara Ísland“ og er ástæða til að skora á umhverfisráðherra að taka nú til hendinni og færa eftirlitskerfi ráðuneytisins nær 21. öldinni. Ítrekað er að ekki er verið að biðja um afslátt á efnislegum kröfum í lögum og reglugerðum heldur fyrst og fremst breytingar á eftirlitinu sjálfu.

Góðir áheyrendur

Í skýrslu umhverfisráðuneytisins frá því ágúst 2002 um „Velferð til framtíðar“ er fjallað um umhverfismál á Íslandi og settir fram tölulegir vísar um ýmsa þætti þeirra auk þess sem fjallað er um afmarkaða þætti umhverfismála s.s. heilnæmt umhverfi, verndun náttúru Íslands og svo framvegis. Þannig er skýrslan fyrst og fremst lýsing á verkefnum ráðuneytisins og óskalisti um það sem til betri vegar má færa. Í skýrslunni er ekki gerð tilraun til að meta kostnað af úrbótum sem óskað er eftir og ekki heldur er gerð tilraun til að meta þann ávinning sem í þeim felst nema með almennum orðum. Slíkt mat hlýtur þó að vera forsenda þess að unnt sé að raða málum í forgangsröð og til að taka fyrst á þeim málum þar sem ávinningurinn er mestur þegar horft er til kostnaðar og annara þátta. Sem listi um verkefni er þessi skýrsla góðra gjalda verð en til þess að öðlast yfirsýn um hvernig Ísland sé stött á vegi sjálfbærrar þróunar þurfa menn að íhuga miklu fleiri þætti eins og stöðu ýmissa félagslegra mála og þróun lífeyrismála, heilbrigðis- og menntakerfisins auk rannsókna og nýsköpunar.

Undanfarna áratugi hefur íslenskt þjóðfélag tekið stórstígum framförum sem byggir á öflugum atvinnulífi, hagnaði fyrirtækja og fjárfestingum þeirra. Með því að tryggja frelsi til athafna, stöðugt efnahagsumhverfi og starfsskilyrði sem jafnast á við það besta í heiminum munu íslensk stjórnvöld tryggja nauðsynlegar forsendur áframhaldandi sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi hvort sem er til 2020 eða lengur.

Takk fyrir.